

636. fundur

Miðvikudaginn 13. desember 2017 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson, formaður ANR
Birgitta Kristjánsdóttir, ANR
Benedikt S. Benediktsson, FJR
Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir, ANR
Kristín Sigfúsdóttir ritari, ANR og
Arnar Freyr Einarsson ANR

1. Lagðar fram fundargerðir 634 og 635 og voru þær staðfestar.
2. Tekið fyrir niðurstöður útboðs á tollkvótum vegna innflutnings á blómum fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2018. Alls bárust 3 tilboð í tollkvótana.

Mánudaginn 11. desember síðastliðinn rann út tilboðsfrestur í tollkvóta á blómum vegna fyrri hluta ársins 2018, sbr. reglugerð nr. 1010/2017.

Eitt tilboð barst um innflutning á blómstrandi pottaplöntum á vörulið (0602.9091) samtals 2.000 stk. og náðu umsóknir ekki tilteknum stykkjafjölda sem í boði var eða 2.200 stk. Úthlutað var án útboðs.

Eitt tilboð bárust um innflutning á blómstrandi pottaplöntum á vörulið (0602.9093) samtals 2.000 stk. og náðu umsóknir ekki tilteknum stykkjafjölda sem í boði var eða 3.000 stk. Úthlutað var án útboðs.

Þrjú tilboð bárust um innflutning á rósum (0603.1100) samtals 3.350 stk., á meðalverðinu 33 kr./stk. Hæsta boð var 55 kr./stk. en lægsta boð var 1 kr./stk. Tilboðum var tekið frá tveimur fyrirtækjum um innflutning á 2.000 stk. á meðalverðinu 46 kr./stk.

Þrjú tilboð bárust um innflutning á tryggðablómum (0603.1400) samtals 9.900 stk., á meðalverðinu 5 kr./stk. Hæsta boð var 55 kr./stk. en lægsta boð var 1 kr./stk. Tilboði var tekið frá þremur fyrirtækjum um innflutning á 9.000 stk. á meðalverðinu 5 kr./stk.

Þrjár umsóknir bárust um innflutning á afskornum blómum, (0603.1909) samtals 88.325 stk. og náðu umsóknir ekki tilteknum stykkjafjölda sem í boði var eða 166.250 stk. Úthlutað var án útboðs.

Að tillögu ráðgjafanefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið úthlutað tollkvótum til eftirtalinnna fyrirtækja á grundvelli tilboða/umsókna þeirra:

Blómstrandi pottaplöntur janúar - júní 2018

Magn (stk)	Tilboðsgjafi
2.000	Garðheimar-Gróðurvörur ehf

Aðrar pottaplöntur janúar – júní 2018

Magn (stk)	Tilboðsgjafi
2.000	Garðheimar-Gróðurvörur ehf

Rósir janúar – júní 2018

Magn (stk)	Tilboðsgjafi
1.000	Garðheimar-Gróðurvörur ehf

1.000	Samasem ehf
-------	-------------

Tryggðablóm janúar – júní 2018

Magn (stk)	Tilboðsgjafi
400	Blómabúð Akureyrar ehf
500	Garðheimar-Gróðurvörur ehf
8.100	Samasem ehf

(Annars) afskorin blóm janúar – júní 2018

Magn (stk)	Tilboðsgjafi
3.325	Blómabúð Akureyrar ehf
20.000	Garðheimar-Gróðurvörur ehf
65.000	Samasem ehf

3. Tekið var fyrir niðurstöður útboðs á tollkvóta vegna innflutnings á ostum frá Noregi samkvæmt sérstökum samningi milli Íslands og Noregs um viðskipti með landbúnaðarvörur, skv. 65. gr. B búvörulaga nr. 99/1993 og 12. gr. tollalaga nr. 88/2005, fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 2018.

Mánudaginn 11. desember 2017 rann út tilboðsfrestur í tollkvóta vegna innflutnings á smurostum frá Noregi, samtals 13.000 kg, sbr. reglugerð nr. 1007/2017.

Þrjú tilboð bárust um innflutning á smurostum frá Noregi, (0406.3000) samtals 13.000 kg., á meðalverðinu 24 kr./kg. Hæsta boð var 100 kr. en lægsta boð var 0. Tilboðum var tekið frá þremur fyrirtækjum um innflutning á 13.000 kg. á meðalverðinu 24 kr./kg.

Smurostar frá Noregi 2018

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
6.000	Ekran ehf
2.000	Innnes ehf
5.000	Mjólkursamsalan

4. Lögð var fram niðurstöður útboðs á tollkvótum vegna innflutnings á landbúnaðarvörum frá Evrópubandalaginu, sem er útgefin skv. samningi milli Íslands og Evrópubandalagsins um viðskipti með landbúnaðarvörur, á grundvelli 19. gr. EES samningsins með vísun til 12. gr. tollalaga nr. 88/2005 með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 1006/2017.

Þriðjudaginn 12. desember sl. rann út tilboðsfrestur í tollkvóta vegna innflutnings á landbúnaðarafurðum frá Evrópubandalaginu samkvæmt reglugerð nr. 1006/2017 fyrir tímabilið janúar – desember 2018. Samtals bárust 18 gild tilboð í tollkvótann.

Nautgripakjöt í vörulið 0202. Tíu tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings á nautgripakjöti, samtals 347.500 kg. á meðalverðinu 414 kr./kg. Hæsta boð var 829 kr./kg. en lægsta boð var 0 kr./kg. Tilboðum var tekið frá sjö fyrirtækjum um innflutning á 100.000 kg. á meðalverðinu 797 kr./kg.

Svínakjöt í vörulið 0203. Níu tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings á svínakjöti, samtals 548.000 kg. á meðalverðinu 201 kr./kg. Hæsta boð var 500 kr./kg en lægsta boð var 0 kr./kg. Tilboðum var tekið frá sex fyrirtækjum um innflutning á 200.000 kg. á meðalverðinu 378 kr./kg.

Alifuglakjöt, í vörulið 0207. Níu tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings á alifuglakjöti, samtals 643.000 kg á meðalverðinu 410 kr./kg. Hæsta boð var 670 kr./kg en lægsta boð var 1 kr./kg. Tilboðum var tekið frá sex fyrirtækjum um innflutning á 200.000 kg á meðalverðinu 620 kr./kg.

Kjöti og ætum hlutum af dýrum, saltað í saltlegi, þurrkað eða reykt;...() í vörulið ex 0210.** Átta tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings á kjöti og ætum hlutum af dýrum, saltað í saltlegi, þurrkað eða reykt;...(**), samtals 64.000 kg. á meðalverðinu 244 kr./kg. Hæsta boð var 401 kr./kg. en lægsta boð var 1 kr./kg. Tilboðum var tekið frá sjö fyrirtækjum um innflutning á 50.000 kg. á meðalverðinu 312 kr./kg.

Ostar og ystingur í vörulið 0406. Fimmtán tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings á ostum og ystingi á vörulið 0406, samtals 264.000 kg. á meðalverðinu 646 kr./kg. Hæsta boð var 831 kr./kg. en lægsta boð var 401 kr./kg. Tilboðum var tekið frá sex fyrirtækjum um innflutning á 80.000 kg. á meðalverðinu 765 kr./kg.

Ostur og ystingur í vörulið ex 0406;...().** Sjö umsóknir bárust um tollkvóta vegna innflutnings á ostum og ystingi á vörulið ex 0406...(**) samtals 77.000 kg. Á grundvelli 5. gr. reglugerðar nr. 1006/2017 var úthlutað 15% af umsóttu magni til hvers fyrirtækis. Samtals var úthlutað 20.000 kg., til sjö fyrirtækja.

Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti.... í vörulið 1601. Ellefu tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings á pylsum og þess háttar vörum úr kjöti.... á vörulið 1601, samtals 125.000 kg. á meðalverðinu 305 kr./kg. Hæsta boð var 501 kr./kg. en lægsta boð var 1 kr./kg. Tilboðum var tekið frá níu fyrirtækjum um innflutning á 50.000 kg. á meðalverðinu 467 kr./kg.

Annað kjöt.... í vörulið 1602. Þrettán tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings á öðru kjöti.... á vörulið 1602, samtals 160.000 kg. á meðalverðinu 518 kr./kg. Hæsta boð var 990 kr./kg. en lægsta boð var 1 kr./kg. Tilboðum var tekið frá sex fyrirtækjum um innflutning á 50.000 kg. á meðalverðinu 938 kr./kg.

Að tillögu ráðgjafanefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðu-neytið úthlutað tollkvótum til eftirtalinna fyrirtækja á grundvelli tilboða og/eða umsókna þeirra:

Kjöt af nautgripum, fryst, 0202

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
5.000	Einstök matvara ehf
25.000	Ekran ehf
18.000	Innnes ehf
1.500	Krónan hf
23.500	Samkaup
24.000	Sælkeradreifing ehf
3.000	Ölgerðin ehf

Svínakjöt, fryst, 0203

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
15.000	Ekran ehf
500	Garri ehf
1.000	Innnes ehf
50.000	Krónan hf
123.500	Mata ehf
10.000	Sælkeradreifing ehf

Kjöt af alifuglum, fryst, 0207

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
77.703	Aðföng hf
10.000	Ekran ehf
10.000	Krónan hf
85.297	Mata ehf
2.000	Nautica ehf
15.000	Sælkeradreifing ehf

Kjöt og ætir hlutar af dýrum.. ex 0210

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
3.000	Aðföng hf
6.000	Ekran ehf
1.000	Garri ehf
10.000	Innnes ehf
8.000	Krónan hf
2.000	Madsa ehf
20.000	Sælkeradreifing ehf

Ostur og ystingur 0406

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
20.000	Ekran ehf
6.000	Garri ehf
39.000	Innnes ehf
9.000	Krónan hf
4.000	Samkaup hf
2.000	Sælkeradreifing ehf

Ostur og ystingur ex 0406 Úthlutun á gr.v. 5. gr. reglugerðar nr. 1006/2017

Úthlutað magn (kg)	Tilboðsgjafi
3.000	Aðföng hf
3.000	Ekran ehf
3.000	Innnes ehf
3.000	Krónan hf
3.000	Nautica ehf
3.000	Samkaup hf
2.000	Sælkeradreifing ehf

Pylsur og þess háttar vörur 1601

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
13.846	Ekran ehf
500	Garri ehf
2.000	Innnes ehf
5.000	Krónan hf
8.000	Market ehf
1.000	Mata ehf
5.000	Samkaup hf
12.000	Sælkeradreifing ehf
2.654	Ölgerðin ehf

Annað kjöt, hlutar úr dýrum.. 1602

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
3.000	Ekran ehf
5.000	Krónan hf
1.125	Mini Market ehf
1.875	Nautica ehf
36.000	Sælkeradreifing ehf
3.000	Ölgerðin ehf

5. Tekið var fyrir erindi Félags atvinnurekenda dags. 29. nóvember 2017 þar sem óskað var eftir aðgangi að innsendum svörum um birgðarstöðu einstakra fyrirtækja og frekari rökstuðning á

svari ráðgjafanefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara um að ekki væri vöntun á nautakjöti í skilningi 65. gr. A búvörulaga nr. 99/1993. Með hliðsjón af eðli upplýsinganna sem óskað er aðgangs að og með vísan til 9. gr. upplýsingalaga, telur nefndin sér ekki heimilt að afhenda gögn umsagnaraðila. Það verði einungis gert ef umsagnaraðilar heimili slíkt og þess verði óskað. Af þeim sökum verður nefndinni ekki unnt að svara fyrirspurn hvað það varðar.

6. Erindi Býlisins okkar ehf dag. 8. desember 2017 um reglugerð um opinn tollkvóta á innflutning á lífrænni mjólk. Ákveðið var að afla upplýsinga um málið.

Fleira ekki gert og fundi slitið.